

Umhverfisstofnun
Áb. 0A
20 FEB. 2004
54.23
Tilv. UST20040200030

Ásahreppur
Gisli Gíslason
Laugalandi
851 Hella



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandshverfi 24
IS - 109 Reykjavík, Island

Phone (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

19. febrúar 2004

Tilvísun: UST20040200030/6á

Deiliskipulag jarðarinnar Sauðholt 1, Ásahreppi.

Við er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Ásahrepps, dags. 2. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag jarðarinnar Sauðholt 1 í Ásahreppi. Skipulagssvæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá, Sauðholtsnes (nr. 729). Um svæðið segir í náttúruminjaskrá:


Sauðholtsnes, Ásahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Svæðið afmarkast af Þjórsá að vestan, Steinslæk að austan og Miðási og Kálfalæk að norðan. (2) Viðáttumiklar og lífríkar mýrar. Mikið og fjölbreytt fuglalíf.


Erfitt er að ráða út úr því af skipulagsupprætti hver lega fyrirhugaðs vegar og byggingarreita er m.v. votlendi á svæðinu. Fulltrúar Umhverfisstofnunar fóru hins vegar á vettvang þann 16. október 2003, eftir að stofnuninni voru kynntar frumhugmyndir að enduruppbyggingu lögbýlisins, auk þess sem stofnuninni hafa borist ítarlegri gögn frá eigendum jarðarinnar.

Frá þjóðvegi að bökkum Þjórsár er veglínunni valinn staður á röskuðu svæði meðfram skurðum og meðfram árbakka að fyrirhuguðum bæjarhúsum mun vegurinn ekki raska votlendi. Að mati stofnunarinnar er ljóst að veglína og byggingarreitir munu ekki hafa áhrif á vatnsstöðu mýrlendis á svæðinu. Stofnunin gerir því ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu að deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að skv. rannsóknnum dr. Þóru Ellenar Þórhallsdóttur ofl. (1998) á röskun votlendis á Suðurlandi hefur 97% af votlendi á milli Ölfusár og Markafljóts verið raskað og einungis 15% af þeim votlendissvæðum sem fundust á Suðurlandi við lok 19. aldar standa nú eftir. Vatnsstaða á Sauðholtsnesi er nokkuð há og ljóst að tilraunir til framræslu þess hafa ekki borið árangur. Svæðið er með stærri votlendissvæðum á Suðurlandi og mikilvægt búsvæði fugla og telur Umhverfisstofnunar því afar brýnt að ekki verði ráðist í framkvæmdir sem munu hafa áhrif mýrlendið, s.s. frekari framræslu samfara endurbyggingu lögbýlisins.

Virðingarfyllst,


Ólafur Arnason


Gunnar S. Jónsson